

380. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Rúnar Böðvarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Friða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Fundargerð 347. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 11. apríl 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Fyrri umræða.**
 Á fundinn mættu Jónas Gestur Jónasson og Marínó Mortensen frá Deloitte og voru þeir boðnir velkomnir.
 Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klífi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.
 Fóru þeir Jónas Gestur og Marínó yfir helstu tölur í ársreikningi 2023.
 Svöruðu endurskoðendur spurningum bæjarfulltrúa og varð nokkur umræða um reikninginn að yfirferð lokinni.
 Var nú endurskoðendum þökkuð koman og véku þeir af fundi.
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningi Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023, til síðari umræðu í bæjarstjórn þriðjudaginn 7. maí 2024.
- 3) **Kynningarátak fyrir Snæfellsbæ.**
 Heimir Berg, markaðs- og upplýsingarfulltrúi Snæfellsbæjar, mættir á fundinn og var boðinn velkominn. Fóru hann yfir kynningarátak á samfélagsmiðlum sem hann er að fara að setja í gang nú á næstu dögum.
- 4) **Fundargerð 181. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 9. apríl 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerðir 20. og 21. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 6. mars og 9. apríl 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð fundar um kynningar- og upplýsingarmál, dags. 4. apríl 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð bæjarstjórnar með umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 19. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.

BHH
 Au
 MS
 B
 B

- 8) **Ályktun aðalfundar Búnaðarfélags Staðarsveitar, dags. 26. mars 2024.**
Eiríkur vék af fundi undir þessum lið.
Snæfellsbær mun taka þátt í þessu verkefni á sama hátt og verið hefur, í samvinnu við Búnaðarfélagið.
Eiríkur kom nú aftur inn á fundinn.
- 9) **Fundargerð 68. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 22. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 188. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 11. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 20. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 20. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundargerð 221. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 5. febrúar 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Fundargerðir 945. og 946. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar og 15. mars 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Bréf frá Hrafni Arnarsyni, dags. 13. mars 2024, varðandi Bókasafn Snæfellsbæjar.**
Farið var yfir fyrirspurninar sem fram komu í bréfinu og þau svör sem bókasafnsvörður er búinn að setja niður vegna þeirra. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að svara bréfinu.
- 16) **Bréf frá Atla Má Ingólfssyni, lrl., dags. 6. mars 2024, varðandi ósk um staðfestingu landskipta á Dagverðará í Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela umhverfis- og skipulagsnefnd að gefa umsögn um erindið áður en bæjarstjórn tekur erindið til endanlegrar afgreiðslu.
- 17) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. mars 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Blómsturvalla slf., um leyfi til reksturs veitingastaðar, veitingaleyfi í flokki II, tegund C-Veitingastofa og greiðasala, að Ólafsbraut 27 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Júníana vék af fundi undir þessum lið.
Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Blómsturvalla slf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, tegund C-Veitingastofa og greiðasala, að Ólafsbraut 27 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
Júníana kom nú aftur inn á fundinn.
- 18) **Opnunarskýrsla Ríkiskaupa, dags. 15. mars 2024, vegna útbods í sorpmál.**
Bæjarstjórn staðfesti áður samþykkt tilboð við lægstbjóðanda í sorpútbod Snæfellsbæjar, og að bæjarstjóra hafi verið falið að ganga frá samningi.
- 19) **Tilkynning frá Ríkiskaupum, dags. 22. mars 2024, varðandi val tilboðs.**
Lagt fram til kynningar.
- 20) **Bréf frá Agnari Hafsteinssyni, dags. 25. mars 2024, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að skipinu Geisla SH-41, skipaskr.nr. 2869.**
Fríða vék af fundi undir þessum lið.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að Geisla SH-41, skipaskr.nr. 2869.
Fríða kom nú aftur inn á fundinn.

Handwritten signatures and initials in blue ink:
BTH
M
M
ES
KJ

- 21) **Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 26. mars 2024, varðandi stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands – fyrri umræða.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2022, á Vesturlandi þar sem Borgarbyggð mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.
Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að útfæra nánar fyrirleggjandi drög að viðauka (samningi) um samstarf sveitarfélaganna í samráði við bæjarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Bæjarstjóra er einnig falið að undirrita viðaukann (samninginn) að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir bæjarstjórn til síðari umræðu til staðfestingar.
- 22) **Bréf frá Hörpu Hannesdóttur og Valdimar Hall Sölvasyni, dags. 25. mars 2024, varðandi ósk um að kaupa eignina Snæfellsás 3a af Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Hörpu og Valdimar um kaup á húsinu Snæfellsás 3a.
- 23) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 5. apríl 2024, varðandi heimagistingu.**
Eftirfarandi bókun var lögð fram:
„Í þéttbýli Snæfellsbæjar verða ekki gefin út leyfi til að vera með heimagistingu á ársgrunni í íbúðarhúsnæði sem er í íbúðabyggð samkvæmt aðalskipulagi/deiliskipulagi.
Einungis verða gefin út leyfi til heimagistingar í húsnæði sem er á skilgreindum viðskipta- og þjónustulóðum skv. aðalskipulagi.
Þeir aðilar sem eru með leyfi til heimagistingar í íbúðabyggð umfram 90 daga regluna halda þeim þar til þeir hætta starfsemi og verða þau leyfi ekki endurnýjuð á aðra aðila.“
Bæjarstjórn samþykkti bókunina samhljóða.
- 24) **Bréf frá Guðbjarti Þorvarðarsyni, dags. 26. mars 2024, varðandi úrsögn úr kjörstjórn.**
Bæjarstjórn samþykkti úrsögnina og þakkar Guðbjarti setu hans í kjörstjórn.
Tillaga kom um Örvar Olafsson í kjörstjórn Hellissands- og Rífskjördeildar út yfirstandandi kjörtímabil.
Tillagan samþykkt samhljóða.
- 25) **Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 21. mars 2024, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 26) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. mars 2024, varðandi áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 27) **Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 2. apríl 2024, varðandi undanþágu til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa, frá 1. apríl 2024 og fyrir skólaárið 2024-2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 28) **Bréf frá Umbodsmanni barna, dags. 18. mars 2024, varðandi hljóðvist í skólum.**
Lagt fram til kynningar.
- 29) **Bréf frá Forsætisráðuneytinu, dags. 7. mars 2024, varðandi kynningu á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 30) **Endurskoðun á gjaldskrá Snæfellsbæjar árið 2024.**
Bæjarstjórn ræddi breytingar á gjaldskrá Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að leggja fram tillögu að breytingum á næsta fundi bæjarstjórnar.
- 31) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2024.

FS
BTH
Me
EB


AU

Handwritten signatures and initials in blue ink.

- b) Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana fyrstu tvo mánuði ársins.
- c) Bæjarstjóri sagði frá kostnaði við snjómokstur það sem af er ársins. Kostnaður vegna snjómoksturs í þéttbýli Snæfellsbæjar (Ólafsvík, Rif, Hellissandur) var 14.621.350.- fyrir tímabilið janúar – mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45



Björn H Hilmarsson


Jónína Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszek



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Rúnar Bødvarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari